



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Gull- og silfursmiður – gull- og silfursmíði

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Gold and silversmith

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- hefur umfangsmikla þekkingu á málum sem tengjast gull- og silfursmíði og helstu tegundum eðalsteina auk annarra steina sem notaðir eru í skartgripi, héraendis og erlendis
- gerir mót fyrir gerð gripa og steypir skartgripi. Sýnir hæfni við silfursmíði, leturgröft, steinaísetningu og málmmyndskreytingu (síseleringu)
- húðar málma, gerir við og hreinsar flestar gerðir skartgripa
- þekkir íslenskar hefðir í íslenskri skartgripagerð getur smíðað einfalda slíka muni
- vinnur við hönnun og þróun gripa og framleiðslulína út frá eigin teikningum og hugmyndum sínum og annarra. Beitir viðeigandi vinnuáferðum og setur saman verklýsingar fyrir vörur og verk og vinnur að vöruþróun
- hefur góð tök á notkun áhalda og tækja og getur notað tölvutækni við þróun, hönnun og framleiðslu
- þekkir orsakir vinnuslysa, nýtir öryggisvarnir, m.a. gegn eiturefnum og fer eftir reglum um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu
- fer eftir umhverfisstefnu og tekur ábyrga afstöðu til náttúruverndar, hefur tileinkað sér aðferðir til að hámarka nýtingu efna og fylgir vistvænum viðmiðum við meðferð og losun eiturefna og annarra efna
- fer eftir siðareglum, s.s. um virðingu fyrir faginu og nýtingu og endurvinnslu hráefnis
- fer eftir gæðastefnu og leiðbeinir af fagkunnáttu og ábyrgð. Sýnir viðskiptavinum þjónustulund
- getur reiknað út verð á vöru og þjónustu og metið arðsemi
- sýnir sjálfstæð vinnubrögð, getur metið störf sín og annarra í gull- og silfursmíði á gagnrýnninn hátt og tjáð sig um fagleg málefni á íslensku og erlendum tungumálum
- þekkir sögu og menningararfleifð gull- og silfursmíði og möguleika til starfa í nútímanum.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Gull- og silfursmiður hennar, þróar og annast gerð skartgripa, listmuna og nytjahluta úr gulli, silfri og öðrum málum, allt frá fyrstu hugmynd til fullbúinnar vöru. Hann vinnur með eðalsteina og aðra steina sem eru notaðir í skartgripagerð. Gull- og silfursmiður starfar á verkstæði tengdu verslun, sinnir þjónustu og ráðgjöf við viðskiptavini ásamt sölu og markaðsmálum. Rétt til starfa í gull- og silfursmíði hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfböðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency © Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í fimm annir, námstími samtals 90 vikur að meðtöldum próftíma. Vinnustaðanámi er samtals 72 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is